



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Árleyni 22, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbref 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8.2.2013

Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd, mál 429.

Veidimálastofnun fékk til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd. Áður hefur stofnunin gert athugasemdir við drög frumvarpsins. Að nokkru hefur nú verið tekið tillit til þeirra athugasemda.

Almennt séð er frumvarpið verði það að lögum til mikilla bóta. Skýr markmið með lögnum eru sett fram í upphafi. Sett er upp skýrt fyrirkomulag hvað varðar stjórn náttúruverndarmála. Umhverfisstofnun er sú stofnun sem fer með stjórnsýsluna, en víða fær Náttúrufræðistofnun talsvert stjórnsýsluhlutverk. Ef til vill mætti draga úr því þó að áfram þurfi Náttúrufræðistofnun að gegna mikilvægu hlutverki hvað varðar rannsóknir og tillögur um verndun. Hvað varðar skráningu og mat á verndargildi náttúrufrýrbrigða og svæða sem og vöktunarrannsóknir á vernduðum svæðum þurfa fleiri stofnanir að koma að málum það er Hafrannsóknastofnun í sjó og Veidimálastofnun í ám og vötnum. Mikilvægt er að ákvarðanir í náttúruvernd séu byggðar á bestri fánlegri þekkingu. Slíka þekkingu er stundum að finna annars staðar en á Náttúrufræðistofnun. Víða í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir að leitað sé til eða Náttúrufræðistofnun komi með tillögur t.d. 39. grein, 57. grein, 58. grein, 59. grein og 81. grein. Í staðinn mætti vísa til fagstofnanna. Í 56. grein vantar ákvæði um að leitast skuli við að viðhalda náttúrulegu lífríki í vatni en ekki einungis bakkagróðri. Í 58. grein vantar umfjöllun um lifandi auðlindir í ferskvatni þ. e. í ám og vötnum.

Sérstakur kafli er um almannarétt. Mikilvægt er að almenningur hafi mikinn rétt til að njóta íslenskrar náttúru. En ótakmarkað frelsi eins getur takmarkað frelsi þess næsta. Það veldur okkur áhyggjum ef réttur til siglinga báta um ár og vötn er ótakmarkaður. Í frumvarpinu er að vísu gert ráð fyrir að hægt verði að takmarka umferð velknúinna farartækja þegar lífríki er í hættu. Bataumferð getur haft neikvæð áhrif á lífríki sem og veiðinýttjar. Ekki fara saman mikil bataumferð og stangveiði. Stangveiði er mikilvæg í mörgum ám landsins og vötnum og mikilvæg tekjulind. Það verður að vera mögulegt að takmarka bataumferð þar sem stangveiði er stunduð annars er hætt við að mikil verðmæti geti tapast. Velta vegna laxveiði í landinu er mikil eða um 15 milljarðar á ári. Þá er silungsveiði ótalin. Sama gildir einnig um frelsi til baða. Þetta eru atriði sem auðvelt er að laga í 21. grein frumvarpsins með skýrari heimildum til að takamar bataumferð og rétt til baða.

Kafli er um akstur utan vega. Um hann hefur staðið nokkur styr. Akstur utan vega er bannaður. Vegir verða skilgreindir í kortagrunni sem Landmælingar munu gera samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Mikilvægt er að taka á akstri utan vega en vegna þess að reglugerð og kortagrunnurinn eru ekki að fullu tilbúin veldur óvissu sem skapað hefur tortryggni. Treysta verður að reglugerðin og kortagrunnurinn verði með þeim hætti að fólk komist um landið og fái þess notið án þess að náttúran beri skaða af. Í þessu sambandi er rétt að minna á að með ám og að vötnum eru víða slóðar sem eru mikilvægir veiðimönnum og þurfa að vera í kortagrunninum.

Kafli er um náttúruminjaskrá og í sérstökum kafla eru skilgreindir mismunandi flokkar friðlýstra svæða í íslenskrí náttúru og er það til mikilla bóta. Þá er kafli um framandi tegundir en löngu er tímabært að hafa slík ákvæði í lögum. Innflutningur nýrra tegunda eða afbrigða getur reynst íslenskrí náttúru hættuleg og til þurfa að vera tæki til að meta áhættuna í hverju tilviki og taka á slíkum málum.

Orðalag má laga. Í markmiðskafla 1. grein, er talað um „þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum“. Þetta er erfitt að túlka og fá sameiginlegan skilning um. Í 2. grein er talað um „að viðhalda þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð“. Þetta gæti reynst erfitt í túlkun og þar með framkvæmd. Sama á við um „ákjósanlega verndarstöðu“ í a og c lið. Í 14. grein er sagt að forstjóri Umhverfisstofnunar ráði umdæmislandverði. Nóg er að segja að Umhverfisstofnun ráði þá þar sem skýrt er að forstjóri ríkisstofnana er sá sem ræður fólk.

Veiðimálastofnun hvetur til þess að frumvarpið verði að lögum með þeim lagfæringum sem að framan eru taldar.

Virðingarfyllst,

